



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER HÖFÐATORGI	
1. APR. 2019	
Málsnr.:	2019040001
Bréfalykill:	4.0

Reykjavík, 29. mars 2019  
R19030293

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Tjarnargötu 11  
105 REYKJAVÍK

***Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um frístundastarf fyrir ungmenni 16 ára og eldri***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Freyju Daggar Skjaldberg frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að tryggja fjármagn til skóla- og frístundasviðs svo hver félagsmiðstöð geti veitt ungmennum á aldrinum 16-20 ára frítímaþjónustu á skólaárinu 2019-2020.

**Greinargerð:**

Stökkið úr grunnskóla yfir í menntaskóla er erfitt fyrir flesta og að hafa stað þar sem ungmenni geta hist og átt saman stundir getur hjálpað þeim að komast betur inn í félagslífið. Í stefnu Reykjavíkurborgar um frístundaþjónustu til 2025 kemur fram að koma þurfi til móts við þarfir 16+ hópsins um frístundaþjónustu í hverfum borgarinnar. Ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða leggur því til að fjármagn verði tryggt til þess að félagsmiðstöðvar geti veitt þessa þjónustu.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af menningar-, íþrótt- og tómstundaráði fyrir þann tíma.

  
Helga Björk Laxdal  
e.u.